

Borgarráð

Tillaga um úthlutun úr Miðborgarsjóði 2020

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr Miðborgarsjóði Reykjavíkurborgar þann 25. september 2020 og var umsóknarfrestur til og með 18. október 2020. Alls bárust 106 umsóknir upp á 159 m.kr. Til úthlutunar úr Miðborgarsjóði að þessu sinni eru 20 m.kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins voru 30 m.kr. í Miðborgarsjóði en 10 m.kr. fóru til úthlutunar í viðburðapott Sumarborgarinnar og var úthlutað úr honum í júní 2020.

Miðborgarsjóður hefur verið starfræktur frá 2017 og er þetta því í fjórða skipti sem úthlutað er úr honum. Á þessum þremur árum hafa að jafnaði 11 til 16 verkefni verið styrkt ár hvert en í ár er lagt til að 32 verkefni verði styrkt. Til viðbótar verða þrjú verkefni samstarfsverkefni jóla- og vetarborgarinnar.

Samkvæmt nýju fyrirkomulagi um málefni miðborgar sem borgarráð samþykkti þann 24. september 2020 var tillaga um úthlutun úr Miðborgarsjóði lögð til umsagnar fyrir Samstarfshóp miðborgarmála. Engar umsagnir eða athugasemdir bárust.

Allar umsóknir voru yfirfarnar af fulltrúum frá menningar- og ferðamálasviði, umhverfis- og skipulagssviði og þjónustu- og nýsköpunarsviði. Við mat á umsóknum var horft til þess að forgangsraða umsóknum sem uppfylla skilyrði, markmið og áherslur Miðborgarsjóðs. Áherslur ársins 2020 eru verslun og þjónusta ásamt markaðmálum og var horft til verkefna og viðburða með grænar áherslur og stuðla að nýsköpun.

Við mat á umsóknum var horft til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni fái styrk úr Miðborgarsjóði fyrir árið 2020, fjárhæðir í krónum talið:

Nafn verkefnis	Upphæð í kr.
Reddingakaffi - Monthly/Bi-Monthly Repair Café	200.000
Jól, vikingar og leikjamarkaður í Hafnarporti	200.000
Samtal við Tjörnina	200.000
Jólamarkaður	200.000
Fallandi trjám liggur margt á hjarta / Yes, a falling tree makes a sound (and it has a lot to say), samsýning í Kling & Bang.	250.000
Hliðarheimur plantna.	350.000
Fimmtudagurinn langi	400.000

Toolraiser 2021	400.000
Viðburðardagar í og fyrir framan Rokk & Rómantik	400.000
Aðventa á Skólavörðustíg	400.000
Óður til Dansgólfs - Borgin Dansar	400.000
Designdistrict.is - markaðskynning	500.000
Smart Reykjavík Street HUB	500.000
Listamarkaðurinn Hugkaup	500.000
Lækjargata 6B, Sticky Artments	500.000
Open - Sýningarrými á Grandagarði 27.	500.000
Hjarta Reykjavíkur - Menningarhús	500.000
Listval sýningar í Norrhl	500.000
Dýpsta sæla og sorgin þunga - Halla Birgisdóttir, Margrét Dúadóttir Landmark og Ragnar Kjartansson í Kling & Bang í nóvember 2020	500.000
TónleikaTorg	500.000
Lifandi tónlistarmyndband	500.000
Íslensk flík um jólin	600.000
Vor í lofti	600.000
Tóm rými og Tóamengi	900.000
Borgarminning	1.000.000
Lystaukandi List	1.000.000
Markaðssetning miðborgarinnar	1.000.000
Miðborgarganga og Heimsmarkmiðin í Hannesarholti	1.000.000
RIFF Bílabío	1.000.000
Á bak við vöruna	1.500.000
Talið í tónum - Jóladagatal	1.500.000
Jólagjafahandbók Miðborgarinnar	1.500.000
Samtals	20.000,000

Nánari upplýsingar um verkefnin sem lagt er til að verði styrkt má sjá í meðfylgjandi yfirlitsskjali. Í kjölfar samþykktar borgarráðs verður gengið frá úthlutun og samningum eftir því sem við á í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins og styrkjareglur Reykjavíkurborgar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Yfirlitsskjal – Tillaga til úthlutunar styrkja úr Miðborgarsjóði 2020. Drög.